



6. stjórnarfundur LH

4. apríl 2009 klukkan 14:00

Fundarstaður: Íþróttamiðstöðin Laugardal

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Farið yfir erindisbréf nefnd
3. Klára skipa nefndir
4. Úrvalshópur kynntur
5. Spurningar LH til stjórnmalaflokka
6. Önnur mál.

Aðalstjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mættir voru: Haraldur Þórarinsson, Vilhjálmur Skúlason, Marianna Gunnarsdóttir, Sigurður Ævarsson, Ísleifur Jónsson og Þorvarður Helgason, aðrir boðuðu forföll.

1 Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Farið yfir verkefnastöðu verkefna sem um er rætt í fundargerð 4. stjórnarfundar.

- H.Þ.: Í framhaldi af lið 8.a. í fundargerð 4. fundar um dómaramál á heimsleikum, þá hefur orðið sú breyting að á heimsleikum n.k. sumar mun Ann Winter dæma fyrir hönd Íslands.
- SÆ: Í framhaldi af lið 8.c. í fundargerð 4. fundar um útgáfu breytinga á reglum sem samþykktar voru á síðasta ársþingi FEIF, þá vill S.Æ. láta kanna hvort reglur um WR mót hafi tekið gildi.
- Í.J.: Ýtir á eftir því að LH sendi formlegt svar vegna bréfs dagsett 9. mars s.l. um aðkomu LH að fagraði.
- H.Þ.: Skrifstofu LH hefur verið falið að undirbúa ráðstefnu um tímatökur í skeiði þar sem fulltrúum frá ÍSÍ, skeiðfélaginu og öðrum hagsmunaaðilum verður sérstaklega boðin þátttaka.
- H.Þ.: Enginn fulltrúi mætti fyrir hönd LH á aðalfund Eiðfaxes þetta árið.
- Fylgja eftir ákvörðun stjórnar LH undir lið 9. c. frá 4. fundi um að kannað yrði með úthlutanir til hestaíþróttafélaga úr ferðasjóði ÍSÍ.
- Þ.H.: Mannvirkjanefnd fer í vettvangsferð til Akureyrar eftir páska til að taka út aðstæður og fara yfir framkvæmdaáætlun vegna Íslandsmóts 2009. Stjórn LH felur mannvirkjanefnd að gera skýrslu um stöðu mála á Akureyri.

Fundargerð 4. fundar og 5. fundar sem var símafundur samþykktar með leiðréttingum.



Erindisbréf nefnda

- Reglugerð um aganefnd LH samþykkt óbreytt.
- Reglugerð um úrvalshóp samþykkt með eftirfarandi breytingu:
 - Nefndin skal skipuð 5 aðilum sem stjórn LH skipar. LH skipar formann síðan tilnefna eftirfarandi nefndir/félög einn aðila hvert: Landsliðsnefnd, æskulýðsnefnd, Gæðingadómarafélagið og Hestaíþróttadómarafélagið
- Reglugerð um landsliðsnefnd samþykkt með eftirfarandi breytingu:
 - Landsliðsnefnd skal skipuð 5 aðilum sem stjórn LH tilnefnir. (Eyða út setningu um gjaldkera)
- Reglugerð um samgöngunefnd samþykkt óbreytt.
- Reglugerð um æskulýðsnefnd samþykkt óbreytt..
- Reglugerð um mannvirkjanefnd samþykkt óbreytt.. Stjórn LH boðar mannvirkjanefnd á næsta fund stjórnar til umræðna um Vindheimamela, Akureyri og framtíðarstefnumótun mótasvæða.
- Reglugerð um fjáröflunarnefnd samþykkt óbreytt..
- Reglugerð um tölvunefnd samþykkt óbreytt..
- Umræðu um reglugerð menntanefndar frestað.
- Umræðu um reglugerð dómaranefndar frestað.

2 Klára skipa nefndir

Skipun fulltrúa í 60 ára afmælisnefnd LH frestað.

3 Úrvalshópur kynntur

Ákveðið að fá U 21 nefndina á næsta fund stjórnar til að ræða lykil og framtíðarskipulag.

4 Spurningar LH til stjórn málaflókka

Stjórnin samþykkir að boða fulltrúa stjórn málaflókka á fund þar sem þeim verður kynnt starfsemi LH og afhentur spurningalisti.

5 Önnur mál.

- Skipulag á landsmótum:** Í.J. sagði frá umræðum í fagræði um skipulag landsmóta og vilja fagræðs til að koma að þróunarvinnu vegna framtíðarskipulags á LM.
- Dómararáðstefna:** Að tillögu H.P. samþykkir stjórn LH a unnið verði að því að setja upp ráðstefnu um dómaramál og bjóða til hennar sérstaklega fulltrúum íþróttta-, gæðinga- og kynbótadómara.
- Fjármál LH:** M.G. sagði frá því að niðurstaða árshlutauppgjörs benti til þess að rekstur LH væri í lagi.
- Innanhúsmót:** Stjórn LH samþykkir að fela keppnisnefnd að vinna að reglugerðarsmiði og umgjörð um innanhúsmót í hestaíþróttum svo halda megi utan um árangur hestaíþróttamanna á slíkum mótum.
- ÍSÍ þing:** Stjórn LH samþykkir tillögu H.P. um að LH tilnefni Sigfús Helgason stjórnarmann LH til framboðs í varastjórn ÍSÍ á næsta ársþingi ÍSÍ.
- TREC nefnd:** H.P. kynnti hugmyndir um mönnun Treck nefndar. Stjórn LH samþykkir að fela H.P. að ræða við þessa aðila og fá þá til að taka sæti í nefndinni.
- Mótsstjórn LM:** S.Æ. leggur til að nýkjörnir stjórnarmenn LM ehf. hlutist til um að mótsstjórn vegna næsta landsmóts á Vindheimamelum verði skipuð sem fyrst. S.Æ., M.G. og Í.J. falið að skoða málið og koma tillögum um mönnun mótstjórnar LM til stjórnarmanna LM ehf.
- Menntamál:** Formanni menntanefndar LH, Oddrónu Sigurðardóttur, boðið á næsta stjórnarfund til viðræðna um málaflökkinn.

*Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl: 16:30
Fundarritari: Vilhjálmur Skúilason*